

131. fundur fræðslunefndar haldinn í Kirkjubæjarskóla mánudaginn 2. júní 2014 og hefst kl. 15:00

Mætt eru: Sverrir Gíslason formaður, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Ólöf Ragna Ólafsdóttir, og Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Þorsteinn M. Kristinsson boðaði forföll í hans stað mætir Gísli Kjartansson.

Fundargerð skráð í tölvu og er 2 bls.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Málefni Kirkjubæjarskóla.

Kjartan Hjalti Kjartansson skólastjóri, Karítas Kristjánsdóttir fulltrúi kennara og Þórunn E. Sveinsdóttir fulltrúi foreldra mættu til fundarins.

a) Skóladagatal.

Kjartan kynnir 4 tillögur að skóladagatali 2014-2015 sem lagðar voru fyrir foreldra og kennara í skoðanakönnun. Niðurstaða könnunarinnar var skýr að meirihluti bæði foreldra og kennara völdu skóladagatal með 174 dögum án vetrarfrís. Skólasetning 20. ágúst og skólaslit 22. maí.

Fræðslunefnd samþykkir skóladagatal framlagt 174 daga, skólasetning 20. ágúst 2014 og skólaslit 22. maí 2015.

b) Önnur mál.

1) Kjartan sagði frá breytingum í starfsmannahaldi skólans. Guðveig Hrólfsdóttir hefur sagt upp störfum frá og með 1. júlí.

Einnig sagði Kjartan frá því að Ragnhildur Ragnarsdóttir hafi þann 29. maí sagt sínu starfi lausu.

Fræðslunefnd þakkar þeim Guðveigu og Ragnhildi vel unnin störf öll þeirra ár hér hjá okkur við Kirkjubæjarskóla og óskar þeim velfarnaðar í þeim verkefnum sem þær taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

Rétt er að taka fram að Ragnhildur Ragnarsdóttir hefur starfað við Kirkjubæjarskóla frá upphafi hans. Eru henni færðar sérstakar þakkir fyrir langan og farsælan kennsluferil.

2) Kjartan sagði frá kynningu sem skólasamfélagið fékk vegna ytra mats sem unnið var í vetur á vegum Námsmatsstofnunar.

3) Nefndarmönnum voru kynnt skýrsla sem Edda Antonsdóttir kennsluráðgjafi gerði á sérkennslu og sérkennsluþörf skólans.

Kjartan, Karítas og Þórunn véku af fundi.

Málefni Heilsuleikskólans Kærabæjar.

Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri og Unnar Steinn Jónsson fulltrúi foreldra mættu til fundarins.

a) Sumarstarfsemi – sumarlokun.

Þórunn greinir frá könnun sem lögð var fyrir foreldra um sumarlokun og var mikill meirihluti sem valdi júlímánuð sem sumarleyfismánuð. 1. – 31. júlí verður því lokað á leikskólanum Kærabæ.

Mötuneyti í júní. Gert hefur verið samkomulag við matráð á Klausturhólum um að þjónusta Kærabæ með hádegismat í júnímánuði.

b) Viðhald húseignar

Þórunn og Eygló sögðu frá stöðu verkefna sem unnið er að við húseign leikskólans.

Í undirbúningi eru breytingar á eldhúsi og salernisaðstöðu barna hvað varðar skiptiaðstöðu.

Úti hefur verið sett í undirbúning að fjarlægja timburstólpa við sandkassann.

c) Starfsmannamál.

Guðrún Sigurðar er komin aftur til starfa eftir námsleyfi og Maja er komin úr sínu leyfi. Enn vantar þó í

afleysingastöðu. Nauðsyn er á auknum starfskröftum í haust.

- d) Starfsumhverfi næsta vetur.
Samkvæmt samþykktum hefur leikskólinn 4 starfsdaga á hverju skólaári.
Starfsfólk hefur ekki haldið starfsmannafundi undanfarin ár með reglulegum hætti. Óskar Þórunn eftir heimild til að halda 2 starfsmannafundi á haustönn og 2 á vorönn.

Fræðslunefnd styður það að starfsmenn haldi starfsmannafundi og að Þórunn skipuleggi þá í samráði við starfsfólk. Fræðslunefnd leggur þó til að fundirnir verði frekar haldnir utan reglulegs vinnutíma.

- e) Niðurstöður Skólapúls.
Þórunn kynnti niðurstöðu skólapúls sem lagður var fyrir foreldra nú á vordögum. Í niðurstöðum kemur fram að í nokkrum þáttum er Kæríbær undir landsmeðaltali.

- f) Vorhátíð – útskrift – Grænfáni.
Vorhátíðin var haldin föstudaginn 23. maí, þar voru útskrifuð 3 börn sem hefja munu grunnskólagöngu í haust.
Einnig sagði Þórunn frá því að skólinn fékk Grænfánann í fjórða sinn. Vinnan við grænfánann er mikil lýðræðismennt líka þar sem haldnir eru umhverfisnefndarfundir með nemendum.
Þórunn sagði frá gjöfum sem leikskólanum voru færðar á vorhátíðinni. Kvenfélagið Kirkjubæjarhrepps hefur fjárfest í barnakerru sem tekur 5 börn. Hún er í smíðum á Akureyri en verður tilbúin til afhendingar von bráðar. Foreldrasjóður mun einnig taka þátt í kostnaði við smíði kerrunnar.
Vélhjólaiþróttaklúbburinn gaf leikskólanum 150.000 kr. sem nýttast eiga í útileiksvæðið.

Fræðslunefnd lýsir ánægju með áhuga félaganna á starfi leikskólans og þakkar kærlega fyrir góðar gjafir.

- g) Önnur mál.
Rætt var um samstarf beggja skólastiga og sérstaklega fyrirkomulag vorhátíðar og skólaslita.

TILLAGA TIL NÆSTU FRÆÐSLUNEFNDAR:

Lagt er til að fræðslunefnd fundi að minnsta kosti tvisvar á hverju skólaári með öllum skólastjórnendum um samstarf stofnananna.

Þórunn og Unnar véku af fundi.

Önnur mál:

- a) Eygló kynnti greinargerð menntastefnufndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:20 .